



## Skólaráð 2011 – 2012

### 3. Fundur haldinn á Stokkseyri 30.01.12

Mættir:

Fulltrúar nemenda:	Sunna Valdemarsdóttir Hulda Kolbrúnardóttir
Fulltrúar kennara:	Ragnar Gestsson
Fulltrúar foreldra:	Ingólfur Hjámarsson
Fulltrúi starfsmanna:	Karen Heimisdóttir
Fulltrúi grendarsamfélagsins:	
Skólastjóri:	Magnús J. Magnússon

Aðrir forfallaðir!

#### 1. Fundur settur

Magnús skólastjóri setti fund kl. 08.30

#### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

#### 3. Skóladagatal 2011 - 2012

Rætt um breytingar á skóladagatali. Lagðar fram breytingar á lokadögum. Barnabær verði 4. – 7. júní og ljúki með skóla-slitum 1. – 9. bekkjar. Skólaslit 10. bekkinga verði síðar um daginn. Unnið að undirbúningi þess. Samþykkt.

#### 4. Skóladagatal 2012 - 2013

Lagt fram skóladagatal næsta árs. Það samþykkt en athugasemd kom frá Ingólfi varðandi þann lið að Öskudagur væri skóladagur en ekki frídagur nemenda. Skólastjóri benti á að þetta væri samkomulag skólanna en skoða mætti skipulag þessa dags með tilliti til allra sjónarmiða. Að öðru leyti samþykkt.

## **5. Hugmyndir varðandi stundarskrár**

Rætt var um þær breytingar sem verið er að vinna með varðandi tímaramma stundarskrár. Hætta við 60 mín. tíma og vera með 40 mín stundir og skóla sé lokið kl. 13.55 daglega. Gert til að samræma á milli skóla og efla þátttöku í íþrótt og tómstundastarfi. Öllum leist vel á hugmyndina.

## **6. Skólaferðalög**

10. bekkur hyggur á skólaferðalag frá 28. maí til 1. júní. Farið verður í Skagafjörðinn. Líklega fara 3 foreldrar og starfsmenn með. Þar sem þetta er inn á skólatíma er þetta ferðalag skv. reglum skólans. Fundað verður með foreldrum vegna ferðarinnar í dag. Skólastjóra falið að athuga með ferðir fyrir hópa með strætó! Skólastjóri sagði frá því að bekkir hefu rætt um Alviðruferð.

## **7. Næstu fundir**

Samykkt að skólaráðsfundir verði á þriðjudagsmorgnum. Skólastjóri sendir út dagsetningar vegna fundanna. ( Viðbót eftir fund. Næstu fundir: 17.04 / 15.05 / 05.06 )

## **8. Önnur mál.**

a) Barnabær. Magnús sagði frá hugmyndum varðandi leikskólann. Ragnar ræddi um hugmyndir Lindu. Skiptir máli að gera verkrammana.

Fundi slitið kl. 09.35  
Magnús ritaði fundargerð